

256. Stjórnarfundur slökkvistöðinni Tunguhálsi 14.06.17.

Mættir:

Lárus Steindór Björnsson  
Njáll Pálsson  
Magnús Smári Smáráson  
Ásgeir Þórisson  
Stefán Pétursson  
Jón Pétursson

Dagskrá fundarins

1. Starfið á milli funda
2. Inntaka nýrra félaga
3. Starfslokasamningur við Valdimar Leó
4. Ráðning nýs framkvæmdarstjóra
5. Starfshlutfall Guðrúnar á skrifstofu
6. Rekstur LSS á meðan engin framkvæmdarstjóri er að störfum
7. Tryggingasjóður
8. Fagdeildir
9. Önnur mál

**1.**

Samningagerðir, kjarasamningar kláraðir við ISAVIA og hlutastarfandi sjúkraflutningamenn (bókun 2). Reynt að koma á fundi með starfsmenntunarsjóð með Lalla og Stefáni, eitthvað smá vesen þar í gangi.

*Lárus og Stefán eru með málið – (Sverrir Björn til ráðgjafar)*

Framkvæmdarstjóri, formaður, varaformaður hafa gert viðreisit auk Gunna Grindjana að kynna samning hlutastarfandi sjúkraflutningamanna Dalvík-Blöndós-Reyðarfjörð-Egilsstaði.

Samþykkt að Gunnar Baldursson fái greitt fyrir erindisrekstur á vegum LSS vegna kynninga kjarasamninga. *Ákveðið af framkvæmdarstjóra, ljóst er að gera þarf leiðbeiningar varðandi greiðslur fyrir félagsmenn vegna erindisreksturs.*

**2.**

Baldur Friðbjörnsson 280776-5489 hefur sótt um aðild. *Samþykkt af stjórn*

**3.**

Starfslok VLF.

Valdimar Leó lætur af störfum í lok júní. Starfslokasamningur gerður með þeim hætti að honum verða greidd skv. Starfslokasamningi. Áætlaður kostnaður við starfslok valdimars eru um 8.000.000.kr.

Stjórn mun senda frá sér yfirlýsingu að VLF sé að láta af störfum, VLF mun fá yfirlýsinguna til yfirlstrar.

Stjórn samþykkir að útbúin verði skjöldur fyrir Valdimar og honum þökkuð vel unnin störf. Lárus og Guðrún með málið.

Ástæða starfsloka er trúnaðarmál, sameiginleg ákvörðun stjórnar og framkvæmdarstjóra að hann láti af störfum.

#### 4.

Ákveðið að flýta því ferli.

Magnús og Guðrún undirbúa ferlið í samstarfið við formann og stjórn.

Rætt um að skipa ráðninganefnd, farið með það til ráðgjafafyrirtækis.

Ákveðið að leita tilboða í ráðningarferli. *Ágúst Kristján Steinarsson*

Leitast skal við að nýr framkvæmdarstjóri taki til starfa eigi síðar en 1.des.

#### 5.

Starfshlutfall Guðrúnar hækkar í 80% frá 1.september. Eða fyrr í samráði við hana.

Laun hækka í samræmi við starfshlutfall

*Samþykkt af stjórn*

Á meðan engin framkvæmdarstjóri er að störfum mun Guðrún taka meiri beinan þátt í störfum félagsins.

#### 6.

Stefnumótunarhelgi LSS 22-24 september. Kanna með Munaðarnes. (Kiðjaberg) Guðrúnu og Hans boðið með. *Stefán boðar til helgarinnar hið fyrsta og Guðrún sendir tilkynningar á*

Formaður og Varaformaður taka á þeim erindum sem koma upp og miðla til stjórnar og leita ráðgjafar hjá BSRB og annara ráðgjafa til að leysa sem best úr því sem getur komið upp.

#### 7.

Tryggingasjóður

Magnús fer yfir stöðuna, undirskrift kl 13:00 hjá Vís.

#### 8.

Fagdeildir

Jón P fer yfir stöðu vegna ráðstefnu í haust.

Njáll: rólegt yfir vötnunum, ýmislegt í vinnslu, rafræn sjúkraskrá. Nánast búið að ákveða að kaupa þetta kerfi fyrir Ísland. Einstaklinga hafa farið út og kynnt sér kerfið. Beðið eftir skýrslu og eitthvað gerist.

Svipan er á Viðari vegna vinnuferla. NP klár með námsstefnuna.

JP. Markmið að halda námstefnu annaðhvert ár.

#### 9.

Rætt um upplýsingaöryggi LSS! Njáll ber erindið undir Guðrúnu.

Kannað hvers vegna það er ekki fulltrúi frá LSS í þjóðaröryggisráði.

Lárus fór á fund á Akureyri, ræðir samning hlutastarfandi, engin skilgreining til staðar hversu margir sjúkrabílar þurfi að vera til taks miðað við fólksfjölda. Greina lágmarksmönnun, komin gulrót í samningnum. Dæmi: Þegar flutningafjöldi fer yfir ákveðið lágmark þarf ákveðna mönnun.

*Lalli gerir gerir greinargerð og fagdeild sjúkra verður falið að vinna þetta áfram í umboði stjórnar. Lalli skilar inn í næstu viku.*

11:46 fundi slitið.